

Erindi

Skriða

9:00 til 9:15

Setning ráðstefnu –Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands

9:15 til 10:15

Application of the Componential Model of Reading for Assessment and Intervention

R. Malatesha Joshi, doktor við Texas A&M University í lestrar- og móðurmálskenndu.

Literacy development may be influenced by various factors such as family background, classroom instruction and type of orthography. Based on the findings, we developed a model called the Componential Model of Reading (CMR), which includes three components: cognitive component, which is based on the Simple View of Reading, psychological component, consisting of motivation and interest and ecological component, which includes home environment, dialect and orthography. In this talk, I shall first show how CMR can be applied for assessment and intervention of reading problems and then show the applicability of CMR in different orthographies.

R. Malatesha (Malt) Joshi, Ph.D., is a Professor of Reading/Language Arts Education, ESL and Educational Psychology at Texas A&M University, where he teaches and conducts research in literacy development and literacy problems among monolinguals and bilinguals in different orthographies. Dr. Joshi is the Editor of Reading and Writing: An Interdisciplinary Journal and the monograph series titled Literacy Studies: Perspectives from Cognitive Neurosciences, Linguistics, Psychology and Education. From 1980-2002, Joshi directed six highly successful NATO Advanced Study Institutes in Europe on the topics of Neuropsychology, Cognition and Literacy which helped to bring various fields together. He has published numerous books and scientific papers and has received several awards, such as Erasmus Mundus Visiting Scholar, Germany, and visiting research scholar from Beijing Normal University, China, Goethe Universitat, Germany, National Cheng Chung University, Taiwan, and New Zealand Institute of Language, Brain, and Behavior. He has received several grants and also has served on the review panels for Institute of Educational Sciences as well as the National Institute for Child Health and Human Development. At the present time, he serves as CO-PI of three grants: COST Action grant to establish European Literacy Network; an IES grant to study the use of technology in improving comprehension in grades 4 & 5; and the Tsinghua University Initiative Scientific Research Program to study early reading intervention. Recently, Dr. Joshi was selected as the 2017 Fellow of the American Educational Research Association (AERA) that exemplifies the highest standards of research excellence through accomplishment, professionalism, and commitment. He also received the CEHD Senior Scholar Research Excellence Award in 2017.

Skriða

12:50 til 13:50

Læsisstefna í lærdómssamfélagi

Rannveig Oddsdóttir sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri.

Stefnumótun er lykilþáttur þegar ná á árangri í skólastarfi. Samkvæmt hugmyndafræði um Lærdómsamfélag er mikilvægt að allir þeir sem eiga að vinna eftir stefnunni taki þátt í mótun hennar, setji sér sameiginleg markmið og komi sér saman um leiðir til að ná þeim.

Haustið 2014 fékk Miðstöð skólaþróunar HA það verkefni að leiða mótun læsisstefnu með skólum á Eyjafjarðarsvæðinu. Skólastjórnendur á svæðinu höfðu í tvö ár kynnt sér hugmyndafræði um Lærdómssamfélag og unnið að því að innleiða þá hugmyndafræði í sitt starf sem stjórnendur. Ákveðið var að nýta hugmyndafræði og vinnulag Lærdómssamfélagsins við mótun læsisstefunnar og hófst metnaðarfull vinna sem náði til leik- og grunnskóla á svæðinu, sérfræðinga Miðstöðvar skólaþróunar og starfsmanna á fræðsluviði Akureyrarbæjar.

Í erindinu verður sagt frá þessari vinnu. Hvernig stefnan mótaðist í samvinnu þessara aðila. Hvaða hugmyndafræði um læsi liggur til grundvallar. Hvaða efni varð til og hvernig því er ætlað að styðja við starf kennara og nám nemenda í leik- og grunnskólum.

Samræður til náms

Sólveig Zophoníasdóttir sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri.

Markviss beiting samræðna í kennslu virðist líkleg til að stuðla að betri skilningi nemenda á því námsefni sem þeir kljást við og þar með betri námsárangri. Margvíslegar rannsóknir hafa farið fram á samræðum sem sýna að samræður efla ígrundun nemenda og vitund þeirra um eigin hugsunaraðferðir. Samræðuaðferðir fela í sér að spyrja spurninga sem hvetja til ígrundunar í þeim tilgangi að efla með nemendum gagnrýna hugsun og hæfni til að ræða saman um nám og annað sem snertir þeirra daglega líf. Í erindinu verður sagt frá samræðuverkefninu *Hugleikur-samræður til náms* en verkefnið hefur verið unnið í samstarfi Kennaradeildar HA, Miðstöðvar skólaþróunar HA og leik- og grunnskóla á Akureyri. Markmið verkefnisins er að auka hæfni kennara, barna og ungs fólks til að taka þátt í samræðum og nota samræður sem námsaðferð í daglegu skólastarfi til að efla skilning og bæta árangur. Samræða til náms er námsaðferð sem fellur vel að öllum skólastigum og getur eflt nám þvert á námssvið og námsgreinar.

Málstofur kL. 10:30 – 12:00

Skriða

Leikskóli / Íhlutun

Stafahlekkir og skilaboðaskjóða

Íris Dögg Jóhannesdóttir leikskólakennari og þróunarstjóri leikskóla FS

Lestur er undirstaða alls náms og því mikilvægt að leggja grunninn strax í leikskóla. Í hversdagslífinu sjá börn allskonar tákni, þau læra að þekkja myndir og tákni sem standa fyrir ákveðna hluti og þau taka oft ákvarðanir út frá þeim. Leikskólinn Mánagarður starfar eftir bandarísku uppeldisstefnunni HighScope og þar er lögð áhersla á merkingar og sýnileika. Skilaboðaskjóðan á Mánagarði er stór hluti af því að ýta undir áhuga á lestri. Á hverjum morgni er farið yfir skilaboðaskjóðu á hverri deild með barnahópnum og börnin hvött til að „lesa“ sjálf. Skilaboðin eru teikningar, orð, stafir og/eða tölustafir og börnin „lesa“ um atburði sem hafa áhrif á daginn hjá þeim. Með því að númera skilaboðin er ýtt undir stærðfræði því börnin læra tölustafina, þau læra að telja og átta sig á fjölda og magni. Skilaboðin hafa persónulega þýðingu fyrir börnin og því hafa þau mikinn áhuga á þeim. Skilaboðaskjóðan ýtir undir lestur, eflir málþroska og hljóðkerfisvitund, hvetur til samræðna, lesturs og skriftar og börnin læra lestraráttina. Skilaboðaskjóðan er árangursrík leið til að efla læsi.

Undirbúningur undir mál og lestur hefst í leikskóla – þróunarverkefni

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur á skrifstofu fræðslu og frístundapjónustu Hafnarfjarðar

Kynnt verður hugmyndafræði á bak við þróunarverkefni sem hafa verið unnin í leikskóla á Akranesi, Hafnarfirði og í Húnavatnssýslum og Strandabyggð. Hugmyndafræðin byggir á að hver leikskóli útbýr sína Handbók sem inniheldur aðgerðaráætlun sem miðar að því að öll börn nái hámarksárangri hvað varðar mál og lestur í víðara samhengi. Þessi undirbúningur í leikskólunum skilar börnunum betur undirbúningnum inn í fyrsta bekk grunnskóla. Unnið er í anda heildstæðrar skólustefnu þar sem lögð er áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi. Unnið er eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun þar sem leikurinn er í aðalhlutverki. Sérstök áhersla er á að skilgreina verkferla og vinnu tengda málörvun og læsi með samræmdum aðferðum sem byggir á hagnýtum og gagnreyndum aðferðum. Fjallað verður um verkferla til að bregðast við með íhlutun um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik hjá ungum börnum. Fjallað verður m.a. um helstu skimanir/prófanir í leikskólum, skilgreinda málörvun, flokkun á málörvunarefni út frá málþáttum, skipulagt námsumhverfi og mat á árangri. Sameiginlegar áherslur í vinnu leikskólanna til að ná hámarksárangri hvað varðar mál og læsi fyrir öll börn verða kynntar sérstaklega.

Íslenski máhljóðamælirinn, skimunarforrit í spjaldtölvu sem metur framburð og hljóðkerfispætti

Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur hjá Raddlist ehf. og Talþjálfun Reykjavíkur

Íslenski máhljóðamælirinn er skimunarforrit í spjaldtölvu sem metur framburð íslensku máhljóðanna og helstu hljóðkerfispætti. Um er að ræða nýjung í skimunartækni í skólustarfinu þar sem að lokinni skimun verður sjálfkrafa til samantekt/skýrsla sem

greinir frá stöðu barnsins miðað við jafnaldra. Aldursviðmið eru innbyggð í mælitækið og hægt að greina foreldrum frá stöðu barns miðað við jafnaldra í myndun íslensku málhljóðanna og gera viðeigandi ráðstafanir. Áhersla er á snemmtæka og markvissa íhlutun skóla þar sem ráðlagt er hvaða málhljóð þarf að laða fram á sama tíma og vísað er strax til talmeinafræðings í þjálfun þar sem við á. Snemmtæk íhlutun í verki. Rannsóknir sýna að mestur hluti tíma fagaðila í skólakerfinu fer í framburðarþjálfun alveg fram í 9. bekk en þá fyrst breytast áherslur og vinna eykst með málskilning nemenda á þeim aldri. Því miður er þá oft komið í óefni í náminu sjálfu því málskilningur hefur bein áhrif á lesskilning. Markmið Íslenska málhljóðamælisins er að tryggja að sem flest börn verði skimuð fyrir bæði framburði og hljóðkerfisþáttum til viðbótar við hljóðkerfisvitund á leikskólaaldri og komi sem best undirbúin fyrir læsi og síðar nám þegar í grunnskóla er komið.

H-205

Málstofur kL. 10:30 – 12:00

Yngsta stig grunnskóla / Samstarf við foreldra

Orðagull – málörvunarforrit fyrir spjaldtölvur

Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingar á skrifstofu fræðslu og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar

Kynnt verður smáforritið Orðagull sem miðar að því að styrkja orðaforða, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, lesskilning og máltjáningu barna. Allt eru þetta mikilvægir undirstöðupættir máls og læsis. Smáforritið hentar elstu börnum í leikskóla og börnum á yngsta stigi grunnskóla. Einnig getur það nýst eldri nemendum sem glíma við erfiðleika hvað varðar vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn, sem og nemendum með íslensku sem annað tungumál. Forritið er frítt til niðurhals fyrir iOS stýrikerfið. Smáforritið býður upp á fjölbreytta notkunarmöguleika þar sem m.a. er hægt að vinna markvisst með lesskilning og sjónrænan orðaforða (lestur orðmynda). Í forritinu er tekið tillit til fjölmenningar þannig að öll börn geti samsamað sig við ákveðnar persónur sem koma fram í forritinu. Sem dæmi má nefna að þegar nemendur velja sér persónu í byrjun geta þeir valið ákveðinn húðlit og kynþátt. Í gegnum skráningarkerfi forritsins er foreldrum og kennurum gert kleift að meta árangur og fylgjast með framförum. Skráningarkerfið er sett upp á einfaldan og aðgengilegan hátt til þess að auðvelda kennurum vinnu við námsmat. Gert er ráð fyrir að nemendur geti líka sjálfir fylgst með eigin framförum. Könnun Menntamálastofnunar leiddi í ljós að Orðagull er í öðru sæti yfir þau smáforrit sem mest eru notuð í íslenskum leikskólum.

Heimalestur sveipaður ævintýraljóma

Svava Þ. Hjaltalín og Anna Kristín Arnarsdóttir grunnskólakennarar Giljaskóla Akureyri

Mikilvæg þjálfun barns í lestri fer fram á heimili þess. Dagleg þjálfun sem leiðir til jákvæðrar samverustundar með foreldri/forráðamanni er gulls í gildi. Að gera

heimalestur ef til vill dálítið spennandi og hvetjandi er samspil heimilis og skóla. Í dag er gjarnan talað um að börn lesi minna en áður sem hamli lesfimi og hafi áhrif á orðaforða þeirra sem leiðir aftur til verri lesskilnings. Við því er nauðsynlegt að bregðast en ekki endilega alltaf auðvelt. Kennari þarf að vera úrræðagóður og finna leiðir sem eru líklegar til að hvetja nemendur til að lesa meira og helst meira í dag en í gær. Að gera heimalestur spennandi og hvetjandi er ein leið. Er hægt að sveipa hann ævintýraljóma? Með öðruvísi heimalestrarkorti þar sem kvittað er fyrir heimalestur er það hægt. Heimalestrarkort sem til dæmis felur í sér sjóræningjakort eða nornahelli þar sem ævintýri gerast og nemendur vinna sér inn gullkistur eða nornakústa er líklegt til að skapa spennu og vilja til að lesa meira heima en það sem nauðsynlegt þykir. Að safna ákveðnum fjölda til að gera eitthvað öðruvísi í skólanum er hvetjandi. Hvern langar til dæmis ekki í sjóræningjanesti? Í málstofunni verða sýndar hugmyndir að öðruvísi heimalestrarkorti. Komdu með í lítið ævintýr!

Lestrarnámskeið í samvinnu nemanda, foreldra og sérkennara

Kristín Arnardóttir sérkennari Kópavogsskóla

Kynnt er margra ára þróunarverkefni þar sem foreldrar eru virkjaðir til að vinna með sérkennara að þjálfun lesfimi. Foreldrum nemenda sem eru undir viðmiðum í lestrarhraða í tilteknum árgangi er boðið að taka þátt í fjögurra vikna námskeiði ásamt barni sínu. Foreldrar koma á stuttan fræðslufund í skólann þar sem þeir fá í hendur möppu með námsgögnum og læra að leggja æfingarnar fyrir barnið sitt. Unnar eru 4-5 mismunandi æfingar á hverjum degi, fimm daga vikunnar. Æfingarnar eru flestar byggðar á endurteknum lestri með tímatöku. Í möppunni er samskiptabók sem rammur inn heimavinnuna, fjölbreytt æfingablöð ásamt skráningarblöðum. Námskeiðinu fylgir einfalt en árangursríkt umbunarkerfi sem heldur nemendum vel við efnið í 4 vikur. Leshraði er metinn við upphaf og lok námskeiðs og nemendur fá viðurkenningarskjal í lok námskeiðs með upplýsingum um árangur. Í flestum tilvikum fer nemendum vel fram, þeir verða öruggari og jákvæðari gagnvart lestrinum og bæta lesfimi sína. Foreldrar eru mjög ánægðir og óska oft eftir meira samstarfi af þessu tagi. Námsfnið ásamt ýtarlegri handbók var gefið út á minnislykli síðastliðið haust og hefur hlotið góðar viðtökur.

H-101

Málstofur kL. 10:30 – 12:00

Yngsta stig grunnskóla / Lestur og ritun

Kennsluaðferðin K-PALS

Kristín Svanhildur Ólafsdóttir umsjónarkennari Varmárskóla og Heiðveig Andrésdóttir sérkennari

K-PALS (Kindergarten Peer Assisted Learning Strategies) er kennsluaðferð sem stuðlar að góðum árangri byrjenda í lestri. K-PALS er hluti PALS lestrarþjálfunar og er ætluð byrjendum í lestri eða 5-6 ára börnum en hefur einnig verið nýtt í sérkennslu. Í

K-PALS vinna börnin í þörum í framhaldi af innlögn kennara en tilgangur þjálfunarinnar er að börnin þjálfvi vitund sína fyrir hljóðum og læri samband bókstafa og hljóða vel. Hver kennslustund samanstendur af hljóðaleik sem kennari stjórnar og umskráningarverkefni sem kennari stýrir en nemendur vinna svo saman í þörum. Með mikilli endurtekningu í æfingunum verður samband stafa og hljóða sjálfvirkt en sú sjálfvirkni er mikilvægur grunnur fyrir áframhaldandi lestrarnám. K-PALS var þróað af rannsóknarteymi við Vanderbilt háskólann í Tennessee fylki í Bandaríkjunum í samvinnu við stóran hóp kennara og barna. Erlendar og innendar rannsóknir hafa sýnt góðan árangur kennsluaðferðarinnar. Kostir K-PALS eru m.a. að börnin fá skýr og einföld fyrirmæli, þau fá stöðuga jákvæða endurgjöf frá kennara og félagamönnum og þau safna stigum fyrir vinnu og góða frammistöðu. K-PALS er árangursríkt tæki í upphafi lestrarnáms sem hjálpar nemendum að ná sjálfvirkni í sambandi bókstafa og hljóða.

Ritunarkennsla í yngstu bekkjum grunnskóla

Rannveig Oddsdóttir sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri, Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor Háskóla Íslands, Menntavísindasvið og Sigurgrímur Skúlason sérfræðingur hjá Menntamálastofnun

Mikilvægur þáttur læsis er að geta tjáð hugsun sína í rituðu máli og sett saman samfelldan texta af ólíkum toga. Börn byrja snemma að þróa þessa færni og í gegnum fjölbreytt viðfangsefni og leiðsögn í skóla og daglegu lífi ná þau smám saman tökum á ritun ólíkra textategunda. Hversu hröð framvindan verður og hve góðum tökum börn ná á ritun ólíkra textategunda, svo sem frásögnum og upplýsingatextum, er því mjög háð þeim tækifærum sem þau fá til að spreyta sig á ritun og gæðum ritunarkennslu í skólunum. Í nýlegri rannsókn höfundar á textaritun íslenskra barna í 1.-4. bekk kemur fram að frammistaða barna í ritun upplýsingatexta er mun lakari en í ritun frásagna. Jafnframt sýna niðurstöður rannsóknarinnar að framfarir margra nemenda, og þá sér í lagi þeirra sem vel stóðu í upphafi rannsóknar, voru mjög hægar. Í erindinu verður fjallað um þessar niðurstöður og hvaða ályktanir og lærdóm má af þeim draga. Svo sem hvaða vísbendingar þær gefa um áherslur í ritunarkennslu í yngstu bekkjum grunnskóla og hvað má betur gera til að styðja við þróun textaritunar.

Yndislestur – rannsóknir og reynsla

Guðmundur Engilbertsson lektor við Háskólann á Akureyri

Yndislestur er lýsandi orð um lestrariðju sem er drifin áfram af áhuga þess sem les. Við skipulag yndislesturs í skólastarfi þarf að huga að ýmsum mikilvægum forsendum. Lesandinn þarf að geta fundið sér áhugavert og viðráðanlegt lesefni, hafa gott aðgengi að því, tíma til að lesa, njóta og ígrunda og geta rætt um efnið við aðra – án þess að það verði að kvöð fyrir viðkomandi. Í umræðu um gildi lesturs fyrir læsi og nám hefur stundum borið á sjónarmiðum þess efnis að yndislestur uppfylli ekki námsleg skilyrði, til þess sé ekki nægileg úrvinnsla á lesefninu, lesturinn tengist ekki öðru námi og að val á forsendum yndis geti varla staðið undir miklum væntingum um nám. Þegar skólar verja skipulögðum tíma í yndislestur gefa þeir því í raun mikilvæga yfirlýsingu um gildi lesturs fyrir nám. Í erindinu verður gerð grein fyrir hugmyndum að baki yndislestri og

gildi yndislesturs fyrir málvitund, orðaforða, lesskilning, ritháttarvitund, ritun og nám. Vísað verður í rannsóknir á tengslum yndislesturs við læsi og nám sem og reynslu skóla af yndislestri, m.a. reynslu flytjanda í tengslum við *Orð af orði* sem margir grunnskólar á Íslandi hafa innleitt sem kennslufræði í sínu starfi.

H-207

Málstofur kL. 10:30 – 12:00

Miðstig grunnskóla / Mat á skólastarfi

Niðurstöður lesfimiþróa Menntamálastofnunar á miðstigi grunnskóla

Auðun Valborgarson sérfræðingur hjá Menntamálastofnun

Lesfimi er einn af grunnþáttum lestrar og er mikilvæg fyrir skilning og úrvinnslu á texta. Fimur og áreynslulaus lestur eykur ekki einungis ánægju af lestri heldur einnig skilning á honum. Stíður og hægur lestur getur truflað námsframvindu nemenda og haft áhrif á lestraránægju. Mikilvægt er að finna nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur til þess að hægt sé að finna lestraraðferð við hæfi. Lesfimiþróa Menntamálastofnunar eru mælitæki ætluð kennurum til þess að meta færni nemenda í lesfimi. Fyrirlögn prófsins er einföld en niðurstöður prófanna eru mikilvægar fyrir árangursríka lestrarkennslu. Niðurstöður úr fyrstu fyrirlögnum lesfimiþróa sýna mikilvægi þess að halda formlegri lestrarkennslu áfram upp á unglingsstigi.

Hvar stöndum við? Hvert ætlum við?

Guðmundur Björn Kristmundsson dósent, fyrrverandi starfsmaður Háskóla Íslands, Menntavísindasviði

Í fyrirlestrinum verður leitast við að gera grein fyrir stöðu læsis, fremur en lestrar. Læsi er drjúgur þáttur í menntastefnu flestra þjóða en misjafnlega hlúð að því. Margt getur komið að gagni en þar virðist ekki nægja að efna til herferða. Ýmsar fullyrðingar, oft lítt grundaðar, hafa einkennt umræðu hér á landi. Fullyrt er að þjóðinni fari aftur í læsi og augljósasta dæmi um það sé að þriðjungur drengja sé ólæs. Ræddar verða breytingar sem hafa orðið og eru að verða á lesefni og aðgangi að því og hugað að stöðu ritunar. Gaumgæft verður hvað geti valdið breytingum á stöðu læsis og settar fram nokkar hugmyndir sem gætu komið að gagni og styrkt læsi allra nemenda. Stuðst verður við nokkrar rannsóknir, innlendar og erlendar, sem rekið hafa á fjörur flytjanda.

Aðferðir sem efla orðaforða og lesskilning nemenda á námsefni í náttúrufræði

Anna Sólveig Árnadóttir grunnskólakennari og verkefnisstjóri við Selásskóla

Í erindinu verður fjallað um hugmyndir að kennsluáðferðum og viðfangsefnum í náttúrufræðum sem hjálpað geta nemendum á miðstigi að skilja hugtök og lesmál í náttúrufræði með hliðsjón af námsbókinni *Líf á landi*, eftir Sólrúnu Harðardóttur. Kennsluhugmyndirnar byggja á raunprófuðum kennsluáðferðum Beck og McKeown (2001) þar sem markmiðin beinast að því að efla orðskilning, orðaforða, lesskilning,

hlustunarskilning og frásagnarhæfni nemenda. Í þessu erindi er byggt á heildstæðri hugsun um hvernig nýta megi námsbókina sem best, bæði fyrir nemendur og kennara.

H-201

Málstofur kL. 10:30 – 12:00
Unglingastig / Tækni og útvíst

Snjallvagninn: læsi og tækni

Sólveig Zophoníasdóttir og Íris Hrönn Kristinsdóttir sérfræðingar við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á tölvunotkun og samskiptatækni og lítið á tölvur sem sjálfsgöð verkfæri til fjölbreyttrar merkingarsköpunar og miðlunar í daglegu skólastarfi. Í námskránni er einnig lögð áhersla á að samþætta upplýsinga og tæknimennt (UT) á þverfaglegan hátt við flest svið skólastarfs. Nám í notkun snjalltækja í skólastarfi á sér ekki stað með einum tilteknum hætti heldur á fjölbreyttan hátt og er góð þekking og hæfni til að nota snjalltæki liður í að ná markmiðum aðalnámskrár. Í menntunarfræðum hafa verið skilgreindir fjórir grundvallarþættir sem sagðir eru skipta sköpum fyrir einstaklinga sem vilja læra að nota snjalltæki í skólastarfi og efla snjalllæsi. Þessir þættir eru að námið þarf að vera í samhengi við fyrra nám einstaklings, kalla á virkni og hlutdeild hans, eiga sér stað í félagslegu samhengi og krefjast ígrundunar (Barak, 2006; Koehler og Mishra, 2009). Í erindinu verður sagt frá Snjallvagni Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og hvernig hann hefur verið notaður á fjölbreyttan hátt með kennurum og nemendum til að efla snjalllæsi á virkan og skapandi hátt.

Ritun sem leið til að móta hugmyndir og skilning nemenda

Ragnheiður Sóley Stefánsdóttir sérkennari við grunnskóla Reykjavíkur og Karen Rut Gísladóttir lektor, MVS, HÍ

Lestur og ritun tengjast sterkum böndum. Á sama tíma og lestur er lykill að ævintýrum er ritun verkfæri sem gefur tækifæri til að móta þær hugmyndir og ævintýraheima sem verða til í hugum okkar. Í þessum fyrirlestri er sagt frá starfendarannsókn sem unnin var veturinn 2016-2017. Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða eigin starfshætti í tengslum við ritunarkennslu og hvernig hægt væri að nota ritunarkennslu til að vekja áhuga og forvitni nemenda á unglingsstigi, sem greindir hafa verið með einhverfu, á þeim ýmsu viðfangsefnum sem tekið er á í lífsleikni. Markmið rannsóknarinnar var að höfundur næði að efla sig sem ritunarkennara. Þátttakendur voru ég, kennari í sérkennslu á unglingsstigi, og nokkrir af þeim nemendum sem ég kenndi á þeim tíma sem rannsóknin fór fram. Rannsóknarspurningarnar voru tvær: „Hvaða leiðir nýti ég til að efla mig sem ritunarkennara?“ „Hvernig nýti ég ritun sem verkfæri í lífsleiknikennslu hjá nemendum með einhverfu?“ Helstu rannsóknargögn voru rannsóknardagbók, skráningar, ljósmyndir og upptökur. Niðurstöður sýndu að 6+1 vídd ritunar nálgunin reyndist góður stuðningur til að ná utan um ritunarkennsluna. Í gegnum rannsóknina fann ég hvernig þessar hugmyndir efldu mig sem fagmann og kennslan hjá mér varð markvissari. Þegar ég hafði náð að skapa

rými og tíma fyrir ritun nemenda þar sem þeir gátu sett eigin hugmyndir og spurningar í orð fór ég að taka eftir auknu frumkvæði þeirra þegar kom að ritun. Í gegnum ritunarvinnuna kviknaði áhugi þeirra á hugmyndum hvers annars. Þeir fóru einnig að setja fram eigin spurningar um hin og þessi málefni sem tengjast lífsleikni á unglíngastigi. Hlutverk mitt sem kennara breyttist. Ég fór úr því að vera sá sem setti fyrir ákveðin viðfangsefni og verkefni í að vera sá sem vann með nemendum í gegnum viðfangsefni sem þeir vildu takast á við.

Hvernig eflum við lestraráhuga nemenda á mið- og unglíngastigi?

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri

Á málstofunni verður fjallað um áhugahvöt í tengslum við læsís nám nemenda á mið- og unglíngastigi grunnskóla. Ræddar verða ýmsar hugmyndir og leiðir sem rannsóknir sýna að eru áhugahvetjandi fyrir nemendur og til þess fallnar að skapa örvandi námsumhverfi sem leiðir til aukins árangurs í læsi. Rýnt verður í niðurstöður rannsóknar á lestraráhuga unglínga og þær m.a. ræddar út frá starfsháttum, hefðum og venjum innan íslenskra grunnskóla, s.s. varðandi yndislestur, lestrarátök, ólíkar kennsluáðferðir og hlutdeild nemenda í námi.

H-204

Málstofur kL. 10:30 – 12:00

Annað áhugavert

Lærdómssamfélag

Ólöf Kristín Knappett Ásgeirsdóttir grunnskólakennari Grunnskóla Fjallabyggðar

Síðasta vetur stundaði ég fjarnám við Upper Iowa University, þar sem ég lærði að nota kennslukerfið The Daily 5. Ég hef notað þetta kerfi með nemendum mínum og með því höfum við skapað lærdómssamfélag. Einstaklingsmiðun í læsís námi er eitt af lykilhugtökunum en auk þess sem að vera kerfi sem heldur utan um lestrarnám eykur það námsvitund, sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Nemendur taka þátt í að setja sér markmið, taka ábyrgð á hegðun sinni og hlutverki sínu í náminu, þeir fá töluvert val bæði hvað varðar námið og hvernig þeir læra. Námsumhverfið spilar einnig stórt hlutverk í kerfinu því boðið er upp á fjölbreyttar námsaðstæður og allt skipulag í kennslustofunni er miðað við þarfir nemenda þannig að hver og einn þeirra fái að njóta sín og hæfileika sinna.

Ritun/miðlun, mikilvægur liður í læsís námi

Jenný Gunnbjörnsdóttir aðjunkt við Háskólann á Akureyri

Á málstofunni verður rætt um hvernig vinna má með ritun/miðlun þannig að þættir máls og læsís fléttist saman og hvernig hugað er með skipulegum hætti að orðaforða og skilningi við undirbyggingu ritunar. Stuðst verður við Líkan um ritun sem verið hefur í

þróun á Miðstöð skólaþróunar undanfarin misseri og tekin dæmi um ólíkar útfærslur og leiðir við leiðsögn við ritun og miðlun út frá heildstæðum verkefnum.

Foreldrar eru vannýtt auðlind í læsisnámi barna sinna

Grétar L. Marinósson prófessor emeritus við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið og Ingibjörg Auðunsdóttir sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri

Nýlegar rannsóknir þar sem könnuð hafa verið áhrif foreldra á námsárangur barna sinna sýna mun meiri áhrif en áður var búist við. Erindið byggist á niðurstöðum rannsóknar á læsiskennslu yngstu nemenda grunnskóla, Byrjendalæsisrannsókninni. Þar svöruðu nokkur þúsund foreldrar og nokkur hundruð kennarar, millistjórnendur og skólastjórnendur grunnskóla á Íslandi spurningalistum. Auk þess var rætt við alla þessa aðila og starf sex grunnskóla í anda Byrjendalæsis skoðað á vettvangi. Í niðurstöðum rannsóknarinnar lögðu bæði kennarar og foreldrar mesta áherslu á námsáhuga nemenda, líðan og vinnugleði. Foreldrar tóku þátt í þessari vinnugleði barna sinna í gegnum heimaverkefni sem kennarinn setti fyrir. Þeir töldu það ekki bara stuðning við skólastarfið heldur hluta af því að sjá til þess að barnið yrði læst og áhugasamt um nám; verkefni sem þeir töldu sig bera fulla ábyrgð á ásamt skólanum. Foreldrar töldu að það væri sitt mál að stuðla að því að barninu sínu gengi vel í skóla en skólinn virtist halda þeim of langt frá sér þegar kom að því að taka ákvarðanir um læsisnám barnanna. Í þeim skilningi eru foreldrar auðlind sem er allt of vannýtt í samstarfi við skólann. Niðurstöðurnar benda til þess að skólar þurfi að staðfesta þennan skilning foreldra á jafnri ábyrgð heimila og skóla á læsisnáminu með því að viðurkenna í verki hlutdeild foreldra í ákvarðanatöku um námið.

Skriða

Málstofur kl. 13:45 – 15:15

Leikskóli / Fjölbreyttir kennsluhættir

Ég get lesið-fyrstu skref lestrarnáms

Kristín Arnardóttir sérkennari Kópavogsskóla

Ég get lesið-fyrstu skref lestrarnáms er ætlað leikskólakennurum, kennurum á yngsta stigi, sérkennurum og þroskaþjálfum seinfærra nemenda. Fjallað er um ýmsar leiðir til að vekja áhuga ungra barna í leik- og grunnskóla á bókstöfum, lesmáli og letri í umhverfi sínu, tengslum málhjóða og bókstafa, og því að þekkja bókstafina og geta parað saman litla og stóra. Leikur með bókstafi og hljóð ætti að vera hluti af dagskrá skólustarfs frá unga aldri. Fjallað er um leiðir til að kenna lestur á hraða barnsins, vinna lengi á sama færnistigi þegar með þarf með fjölbreyttum kennsluaðferðum, æfingum og leikjum sem gefa árangur. Kynntar eru ýmsar hugmyndir sem höfundur safnaði saman í handbókina *Ég get lesið*. Bókin er byggð á áralangri reynslu af kennslu seinfærra nemenda en hugmyndirnar nýtast vel með öllum börnum á aldrinum þriggja til sjö ára ásamt eldri börnum með þroskafrávik.

Hvernig er markvisst hægt að efla læsi áður en börnum er kennt að lesa?

Helga Rut Guðmundsdóttir dósent við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Rannsóknir benda til þess að máhljóðagreining sé undirstaða góðrar færni í lestri. Margt bendir til þess að á fyrstu árum barns fari máltaka og máhljóðagreining fram að miklu leyti í gegnum skynjun á rytma og tónfalli. Nýlegar rannsóknir, meðal annars hér á landi, hafa rennt stoðum undir kenningar um nán tengsl tónlistariðkunar og söngs á fyrstu árum barnsins við máltöku og máhljóðagreiningu. Greint verður frá markvissum aðferðum sem hafa reynst marktækt betur en aðrar leiðir til þess að efla máhljóðagreiningu 3ja ára barna. Unnið var markvisst með tónfall, máhljóðarytma, atkvæði og greiningu máhljóða í gegnum skemmtilega söngva og tónlistarleiki í 12 vikur í íslenskri rannsókn. Á þessum stutta tíma voru framfarir barnanna marktækt meiri en samanburðarhóps. Í erindinu verður sagt frá niðurstöðum íslenskra og erlendra rannsókna á þessu sviði og íslenska aðferðin kynnt með tóndæmum og myndum. Rætt verður um hvaða áhrif það gæti haft á máltöku og framtíðar læsishæfni barna að vinna markvisst með tónlistarleiki í gegnum allan leikskóla en ekki aðeins í 12 vikur eins og gert var í umræddri rannsókn.

Leikur að læra – nám í gegnum leik, hreyfingu og skynjun

Kristín Einarsdóttir ípróttá- og grunnskólakennari

Leikur að læra er kennsluáferð þar sem nemendum á aldrinum 2 til 10 ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leik, hreyfingu og skynjun. Leikur að læra hefur undanfarin ár lagt áherslu á að kynna starfsfólki leikskóla og yngsta stigs grunnskóla aðferðir og leiðir til að kenna nemendum skipulega og reglulega í gegnum leik, hreyfingu og skynjun. Leikur að læra hefur gefið út kennsluáætlanir í íslensku fyrir leikskóla sem henta einstaklega vel fyrir ófaglært fólk sem er að leiðbeina ungum nemendum fyrstu skrefin í hljóða-, stafa- og hljóðkerfisvitund. Kennsluáferðinni er hægt að beita í öllum námsþáttum og þjálfar einnig félagsfærni. Tvisvar í viku taka foreldrar þátt í verkefnum með það að markmiði að gera þá meðvitaðri um það faglega starf sem fram fer í leikskólanum á sama tíma og þeir eru virkjaðir og gerðir ábyrgari fyrir námi barna sinna.

H-205

Málstofur kl. 13:45 – 15:15

Yngsta stig grunnskóla / Orðaforði

Köttur út í mýri – lestur er ævintýri. Undirtitill: Kennsluáferðir leiklistar notaðar til að efla orðaforða barna

Ása Helga Ragnarsdóttir aðjúnkt við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Í þessu erindi verður fjallað um mikilvægi þess að efla þekkingu og færni barna í málskilningi samhliða lestrarkennslu. Mælt er með því að nota fjölbreyttar aðferðir við kennslu orðaforða og að verkefni þyngist eftir því sem barn eldist (National Reading Panel, 2000). Kennsluáferðir leiklistar geta ef til vill komið að góðum notum við að auka orðaforða barna, þær eru fjölbreyttar og ólíkar og þyngdarstig aðferðanna er

mismunandi. Nemendur fara í hlutverk og setja sig í spor ólíkra persóna en slíkt kallar á fjölbreytta málnotkun. Nemendur gleyma sér í leiknum, þeir tjá sig óheftir og geta þannig bætt við orðaforða sinn. Í erindinu verða tekin nokkur verkleg dæmi um kennsluáðferðir leiklistar og notkun þeirra kynnt.

Samræður í læsisnámi

Jenny Gunnbjörnsdóttir aðjunkt við Háskólann á Akureyri

Á málstofunni verður rætt um gildi samræðna í námi og mikilvægi þess að nemendur fái tækifæri til að eiga innihaldsríkar samræður um þau viðfangsefni sem unnið er með hverju sinni. Samræður gefa nemendum meðal annars færi á að dýpka skilning sinn á efninu, sjá fleiri en eina hlið á málum og kynnast betur hvernig aðrir hugsa. Talað mál og hlustun eru mikilvægir þættir læsis og á málstofunni verða skoðaðar leiðir til að styðja við þessa öfluggu námsleið sem gefa þarf gaum til jafns við lestur og ritun.

Byrjendalæsi – leið til námsaðlögunar og hvatningar

Póra Rósa Geirsdóttir og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir sérfræðingar við Miðstöð skólapróunar Háskólans á Akureyri

Byrjendalæsi er samvirk nálgun til læsiskennslu barna í 1. og 2. bekk og innifelur bæði eindaraðferðir og heildaraðferðir. Byrjendalæsi byggir á aðferðum sem rannsóknir hafa leitt í ljós að skila árangri í læsisnámi barna. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir tungumálsins, svo sem hljóðvitund, rétttritun, skrift, orðaforði og lesskilningur tengd inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni.

Í erindinu verður farið yfir hvernig hugmyndafræði Byrjendalæsis og þær meginstoðir sem aðferðin byggir á, hafa jákvæð áhrif á virkni og áhuga barna í læsisnámi á yngsta stigi grunnskólans. Í því samhengi verður litið til þess hvernig aðferðin auðveldar kennurum að mæta ólíkum þörfum nemenda í námi. Auk þess verður fjallað um starfspróunarlíkan Byrjendalæsis og þá möguleika sem ráðgjafar verkefnisins hafa til að bregðast við niðurstöðum úr rannsóknum á Byrjendalæsi og rýnihópamati frá kennurum á vettvangi, í þeim tilgangi að styrkja kennara enn frekar við að nýta sér hugmyndafræðina til fulls.

H-101

Málstofur kl. 13:45 – 15:15

Yngsta stig grunnskóla / Snemmtæk íhlutun

Að mæta sérþörfum nemenda með útfærslum á K-PALS aðferðum

Anna-Lind Pétursdóttir dósent við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Læsi er grunnstoð í námi og forsenda fyrir velgengni í frekara námi og starfi. Mikilvægt er að nota fjölbreyttar aðferðir til að stuðla að góðu gengi allra barna í læsisnámi. K-

PALS aðferðir (e. Kindergarten Peer-Assisted Learning Strategies) stuðla að samvinnunámi barna með skipulögðum verkefnum í undirstöðubáttum lesturs sem kennari leggur inn með sýnikennslu og börnin vinna síðan saman í þörum samkvæmt skýrum leiðbeiningum. Aðferðirnar geta jafnframt nýst til að mæta sérþörfum nemenda í námi. Í erindinu verður fjallað um leiðir til að nýta og útfæra námsefni og aðferðir K-PALS til að mæta þörfum nemenda sem hafa sýnt litlar framfarir í lestrarnáminu. Þá er kynnt aðferð til að auka félagsleg samskipti nemanda með einhverfu við bekkjarfélaga sína. Markmiðið er að gefa almennum kennurum og sérkennurum dæmi og innblástur að frekari einstaklingsmiðuðum útfærslum til að mæta sérþörfum nemenda með árangursríkum hætti.

Áhrif snemmtækrar íhlutunar á þróun umskráningar og lesfimi hjá börnum sem greinast í áhættuhóp vegna vanda í grunnþáttum lestrar

Helga Sigurmundsdóttir aðjunkt við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið og Steinunn Torfadóttir lektor við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Rannsóknir benda til þess að vanda barna við að ná tökum á umskráningu og lesfimi megi greina snemma í lestrarþróuninni jafnvel áður en börn hefja formlegt lestrarnám. Að slíkur vandi tengist meðal annars erfiðleikum við að sundurgreina hljóð talmálsins af nákvæmni og í mikilli fyrirhöfn við að ná tökum á bókstafsþekkingu og að kortleggja upplýsingar um hljóð bókstafa. Börn sem bíða ósigur á fyrstu árum lestrarnáms eru gjarnan fljót að leggja árar í bát sem oft endurspeglast í litlum innri áhuga og mótþróa svo lestrarnámið getur orðið sár og erfið reynsla ef ekkert er að gert. Í ljós hefur komið að sértæk inngrip og markviss kennsla með áherslu á snemmtæka íhlutun getur komið í veg fyrir uppgjöf, viðhaldið áhuga á lestrarnámi og lestri og gefið ungum börnum möguleika á að halda í við jafnaldra og njóta lestrar. Fylgst var með framförum og árangri barna í lestri í 1. – 4. bekk í tveimur grunnskólum og skoðað hvers konar verkefni, vinnuaðferðir og einstaklingsmiðuð inngrip efla þróun lestrarfærni hjá börnum sem í upphafi sýna litla næmi í þeirri hugrænu úrvinnslu sem lestrarnám byggir á.

Áhrif snemmtækrar íhlutunar á þróun orðaforða, máltjáningar og lesskilnings

Steinunn Torfadóttir lektor við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið og Helga Sigurmundsdóttir aðjunkt við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Börn með vanda í lesskilningi eiga oft sögu um seinkaða máltöku eða málfrávik. Rannsóknir benda til þess að um flókið orsakasamhengi sé að ræða sem tengist meðal annars líffræðilegum, erfðafræðilegum og umhverfistengdum þáttum. Þá er jafnframt vitað að bæði hljóðkerfisfærni og næmi fyrir merkingu talmálsins eru mikilvægir áhrifavaldar við orðanám og að einstaklingsmunur er mikill í þessum eignum. Í erindinu eru kynntar leiðir sem koma til móts við sértækan vanda barna við að ná tökum á orðaforða og lesskilningi. Kjarninn í aðferðinni byggir á hugmyndafræði Vygotskys sem leggur áherslu á að nám hafi félagslegar tengingar og að þekkingu sé miðlað í félagslegu samhengi þar sem tungumálið er meginverkfærið. Nemendur og kennarar vinna saman og miðla hugmyndum í gegnum talað og ritað mál. Lögð er

áhersla á félagsleg samskipti (samvinnunám) og aðstoðarfólk fær skýrar leiðbeiningar og hvatningu til að styðja samskipti og hámarka námsmöguleika.

H-207

Málstofur kl. 13:45 – 15:15

Miðstig grunnskóla / Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Fyrningar, fráfærur og hrútaþukl – mat á orðaforða

Guðmundur Engilbertsson lektor við Háskólann á Akureyri

Mat á orðaforða felur yfirleitt í sér prófun þar sem skýra þarf með ýmsum hætti merkingu orða (Read, 2000; 2007). Prófunin getur verið sértæk (aðeins er lagt mat á orðaforða) eða innifalin í annarri prófun (t.d. tungumálaprófi eins og íslensku). Hún getur falið í sér mat á sértækum orðaforða (t.d. aðeins í stærðfræði eða náttúrufræði) eða falið í sér almennt mat á orðaforða, háð samhengi eða án samhengis. Markmið prófunar er yfirleitt að meta þekkingu á orðaforða og vitund um hvernig nota má orðaforða á skapandi og greinandi hátt. Tengsl orðaforða, skilnings og námsárangurs eru sterk og því getur mat á orðaforða gefið mikilvægar vísbendingar um námsgengi. Það beinir sjónum að mikilvægi orðaforða fyrir nám og ekki síður gildi máluppeldis, þ.m.t. markvissrar orða- og hugtakakennslu í skólasterfi.

Á Íslandi eru til fá stöðluð orðaforðapróf og lítið virðist fara fyrir fjölbreyttum matsaðferðum sem nota má í námi og kennslu í ólíkum námsgreinum grunn- og framhaldsskóla. Í erindinu verður rætt um slíkar leiðir og einkum lögð áhersla á matshugmyndir sem má útfæra í ólíkum námsgreinum og tengja almennt við námsmat. Erindið verður byggt á alþjóðlegum hugmyndum um mat á orðaforða sem og hugmyndum og reynslu flytjanda.

Pals-Hvað getur kennari gert til þess að stuðla að betri árangri í lestri?

Ásdís Hallgrímsdóttir sérkennari Kelduskóla-Korpu og Erla Erlendsdóttir grunnskólakennari

PALS er sérstök samvinnunámsnálgun í tengslum við lestrar- og stærðfræðinám. PALS aðferðin var þróuð af hjónunum Doug og Lynn Fuchs, sem bæði gegna prófessorstöðum við Peabody College í Vanderbilt University í Tennesseeeyfylki í Bandaríkjunum. Markmiðið með PALS er að gefa kennurum kost á að þjálfa samtímis hóp af nemendum í stafabekkingu og lestri með jafningjamiðlaðri nálgun. PALS nálgunin virkar mjög vel samhliða annars konar lestar aðferðum sem notaðar eru í almennri kennslu og í sérkennslu. Rannsóknir hafa staðfest að flestir nemendur hvort sem þeir eru afburðarnemendur, í meðallagi eða slakir, sýna meiri framfarir en þeir sem ekki fá PALS þjálfun. Það sama gildir um nemendur sem glíma við námsörðugleika. PALS er þjálfunaraðferð sem nýtist vel fyrir mið- og unglíngastig sem lestrarþjálfun og námstækni við lestur fræðitexta. PALS er leið til að bregðast við því ákalli að bæta þurfi lestarfærni nemenda á miðstigi.

H-201

Málstofur kl. 13:45 – 15:15

Unglingastig / Lestrarvenjur

Að skapa venjur og rútínur í kringum lestur

Karen Rut Gísladóttir lektor, MVS, HÍ

Félags- og menningarlegar hugmyndir um nám og kennslu hafa rutt sér til rúms bæði héraðs og erlendis. Þessar hugmyndir beina athygli að mikilvægi þess að nemendur nýti þær menningar- og tungumálaauðlindir sem þeir búa yfir í námi, þar með talið að læra að lesa. Frá félags og menningarlegu sjónarhorni eru nemendur aldrei bara að lesa. Þeir eru alltaf að lesa eitthvað og þegar best lætur lesa þeir eitthvað í einhverjum tilgangi. Hlutverk kennara þegar kemur að lestri snýst ekki aðeins um að kenna nemendum þá færni sem þarf til lesturs. Mikilvægt er að kennarar skapi nemendum rými innan kennslustofunnar þar sem þeir fá tækifæri til að móta eigin sjálfsmýnd sem lesarar. Í þessum fyrirlestri er sjónum beint að hvað það merkir að skapa venjur og rútínur til lesturs sem ýtir undir frumkvæði nemenda í að þróa þeirra hugmyndir um hverjir þeir eru eða vilja vera sem lesarar. Markmið þessa fyrirlestrar er að dýpka skilning á hvað liggur að baki slíkum venjum og rútínum. Dæmin í fyrirlestrinum koma úr doktorsrannsókn höfundar sem hún vann sem íslenskukennari og kennararannsakandi á unglingastigi í kennslu heyrnarlausra. Gögnin sem byggt er á eru rannsóknardagbók, þátttökuathuganir, formleg og óformleg viðtöl við foreldra og nemendur, verkefni nemenda og ljósmyndir.

Efling og lestur

Halla Jónsdóttir aðjunkt við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Sagt verður frá þróunarstarfi meðal unglunga þar sem unnið var með lestur, sjálfseflingu, greiningu á lestrarvenjum og hvatningu. Nemendur skráðu sig til þátttöku í 10 vikna lestrarnámskeið á netinu. Þar var unnið með texta, innihald og hugtakaskilning. Flestir þátttakendur höfðu verið í margra ára strögli með lestur og vantroystu sér og því var mikilvægt að efla þau og fá þau til að fjalla um styrkleika sína í þessum lestrarverkefnum. Þau skoðuðu einnig eigin lestrarvenjur og leiðir til að breyta þeim. Sagt verður nánar frá uppbyggingu námskeiðsins, vinnulagi og viðbrögðum nemenda sem voru mjög jákvæð. Námskeið þessi sem í upphafi voru eingöngu í boði fyrir þau sem höfðu sögu um verulega lestrarörðugleika, voru auglýst og opnuð og fjölgaði þeim sem vildu nýta sér þau.

Lestrarkennsla á mið- og unglingastigi

Sigríður Ingadóttir og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir sérfræðingar við Miðstöð skólapróunar Háskólans á Akureyri

Í skrifum um lestrarkennslu á Íslandi hafa ítrekað komið fram vísbendingar um að lestrarkennsla eigi sér fyrst og fremst stað á yngsta stigi grunnskóla og að minna fari fyrir markvissri lestrarkennslu á mið- og unglingastigi. Á málstofunni verður rýnt í hvað

hugtakið lestrarkennsla felur í sér og það viðrað út frá hugmyndum um læsi í víðum skilningi. Að auki verður gluggað í verkfærakistu sem hjálpar kennurum að blása lífi í læsiskennslu eldri grunnskólanemenda. Þetta felur í sér að skoðaðar verða hagnýtar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að eru til þess fallnar að efla orðaforða, lesskilning, ritun og almenna námstækni nemenda þvert á námsgreinar. Í málstofunni verður gert ráð fyrir svigrúmi til samræðna og samvinnu þar sem þátttakendur skoða, prófa og ræða innihald verkfærakistunnar.

H-204

Málstofur kl. 13:45 – 15:15

Annað áhugavert

Ævintýri eru lykill að lestri

Jakob F. Þorsteinsson aðjunkt við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Í fræðilegri umræðu um úti- og ævintýramenntun er rík áhersla lögð á þátttakendur verði læsir á sjálfa sig, aðra og umhverfi sitt. Ævintýranám er beint og virkjandi reynslunám sem tekur til persónunnar í heild og hefur áhrif á hana í reynd. Um er að ræða virkt nám og reynslu sem oftast gerist í nánum samskiptum við náttúruna og felur í sér raunverulega eða skynjaða óvissu og áhættu. Í erindinu er fjallað um þann áhrifamátt sem felst í ferðalagi um óbyggðir og dregin fram dæmi úr rannsóknum og reynslu höfundar hvernig þessi ævintýri verða aflvaki læsis í víðum skilningi. Byggt er á rannsókn á hálendisferðum unglinga í grunnskóla og sumarnámskeiði með nema í háskóla. Í röddum þáttkanda kemur sterkt fram aukin vitund fyrir og læsi á umhverfi sitt sem og á sjálfan sig og samferðafólk. Hin ríkulega reynsla er uppspretta fjölbreyttra frásagna af sjálfum sér, öðrum og náttúrunni. Sögur sem gaman er að segja.

Lesskilningur án bóka

Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson, Kristín Björk Gunnarsdóttir og Sigurður Haukur Gíslason kennsluráðgjafar hjá Kópavogsbæ

Fjallað er um hvernig hægt er að vinna með bókmenntir á lifandi og skapandi hátt. Þátttakendur vinna með gefinn texta, túlka hann á persónulegan hátt, setja sig inn í aðstæður og endursegja út frá eigin skilningi. Unnið er með texta, ljósmyndir, myndbönd og raddupptökur. Þátttakendur kynnast og reyna sjálfir nýjar leiðir til náms og tjáningar, sem virkja tjáningu og framsögn ekki síður en lesskilning. Unnið er með iPad spjaldtölvur sem þátttakendur fá að láni.